



Reykjanesbraut lokað vegna malbiksframkvæmda

Vegna malbikunarframkvæmda verður Reykjanesbraut lokað fyrir umferð frá frá Grindavíkurvegi í átt að Reykjavík, að álverinu í Straumsvík, frá klukkan 20:00 miðvikudaginn 16. nóvember og til klukkan 20:00 fimmtudaginn 17. nóvember. Til stendur að malbika Reykjanesbraut á um 2,7 km kafla við álverið í Straumsvík.

Reykjanesbrautin verður opin fyrir umferð til Suðurnesja og á flugvöllinn allan framkvæmdatímenn en vegurinn verður lokaður við Grindavíkurveg, fyrir umferð í átt til Reykjavíkur en opið verður fyrir þá sem eiga erindi í Vogu. Hjáleið verður um Grindavíkurveg (43), Suðurstrandarveg (427) og Krýsuvíkurveg (42) fyrir þá sem eru á leið til höfuðborgarinnar. Sú leið er lengri og því þurfa ökumenn að gera ráð fyrir lengri ferðatíma. Einnig er bent á að umferðartafir gætu orðið nokkrar og ökumenn beðnir um að aka varlega og sýna tillitssemi.

Þjörgunarsveitarfólk og starfsfólk Vegagerðarinnar verður á lokunarstöðvum og helstu gatnamótum. Þetta er gert til að auka öryggi og til að bregðast við ef hleypa þarf í gegn viðbragðsaðilum í forgangsakstri. Lokun Reykjanesbrautarinnar eru unnin í góðri samvinnu við helstu hagaðila.

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is